

# Ákall til hjúkrunarfræðinga um þátttöku í að varðveita heilbrigði jarðar

„Jörðin þarfnast hjúkrunar“

**Höfundar:** Helga Bragadóttir, Árún K. Sigurðardóttir, Brynja Ingadóttir, Brynja Örlýgsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Ingibjörg Hjaltadóttir, Margrét Hrönn Svavarsdóttir, Ólafur G. Skúlason, Rut Sigurjónsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Tanja G. Schiöth Jóhannsdóttir  
**Myndir:** Þróstur Guðmundsson - Hvannadalshnúkur

Jarðarbúar horfast nú í augu við það sem talið er vera mesta lýðheilsuvá allra tíma, umhverfisvána. Heilbrigði jarðar og jarðarbúa haldast í hendur. Undanfarin ár hefur ítrekað verið bent á mikilvægi þess að bregðast við umhverfisvánni.

Segja má að Sameinuðu þjóðirnar hafi sett það málefni á oddinn, fyrst með skýrslu sinni *Special Report on Global Warming of 1.5°C* (IPCC, 2018) og síðar með heimsmarkmiðum sínum um sjálfbæra þróun sem tekur á umhverfisvánni frá öllum hliðum (sjá United Nations <https://sdgs.un.org/goals> og Félag Sameinuðu þjóðanna <https://www.un.org/sustainabledevelopment/>). Heimsmarkmiðin 17 snúast um aukinn jöfnuð auðs, heilsu og menntunar, frið, sjálfbærni og ábyrga hegðun í víðasta skilningi.

Mikilvægt er fyrir hjúkrunarfræðinga, sem annað heilbrigðisstarfsfólk, að taka virkan þátt í því að efla lýðheilsu fólks með því að stuðla að heilbrigði jarðar. Sama hvert eðli starfa okkar er, hvort sem það er í klíník, stjórnun, kennslu eða rannsóknum, öll gegnum við mikilvægu hlutverki sem heilbrigðisstarfsfólk og ábyrgð okkar gagnvart heilbrigði jarðar er mikil

(Huffling, 2019; Potter, 2019). Allt frá dögum Florence Nightingale, upphafskonu nútímahjúkrunar, hafa hjúkrunarfræðingar verið meðvitaðir um að gæði umhverfis gegna mikilvægu hlutverki í líkamlegu og andlegu heilbrigði fólks, þá sérstaklega aðgengi að hreinu lofti, góðri næringu og óspilltri náttúru. Þessi greinarstúfur er ákall til hjúkrunarfræðinga um að taka virkan þátt í að varðveita heilbrigði jarðar og draga úr áhrifum þeirrar umhverfisvárar sem steðjar að jörðinni og íbúum hennar. Við kynnum hér til sögunnar eið heilbrigðisstarfsfólks um að varðveita heilbrigði jarðar á mannöld (*A planetary health pledge for health professionals in the Anthropocene*) sem birtur var í *The Lancet* í nóvember 2020 af alþjóðlegum þverfræðilegum hópi heilbrigðisvísindafólks. Eiðurinn er byggður á Genfaryfirlýsingunni og þeirri gullnu reglu heilbrigðisstarfsfólks að skaðleysi ráði ávallt för í ákvörðunum og gjörðum þess (*primum non nocere*) og er allt heilbrigðisstarfsfólk hvatt til að lesa hann og tileinka sér (Wabnitz o.fl., 2020).

Undanfarin ár hefur fólk í ríkara mæli orðið meðvitað um mikilvægi þess að varðveita jörðina og aðgerðir til að sporna við umhverfisvánni. Til marks um það hafa hjúkrunarfræðingar og heilbrigðisstarfsfólk austan



## SJÓNARSVIPTIR 1

Hvítagullfjallið ofar öllu  
Ljós landsins.  
Það fer og skuggarnir verða.  
Sjónarsviptir erum við á Íslandseyjunni.  
Við í heiminum.

Á förum  
frá okkur  
frá sjálfum sér sjálfum.  
Það gleymdist að hann er úr vatni gerður  
að hann leysist upp í það  
og flæðir yfir veg allrar veraldar.  
Ekki í hefndarskyni.  
Það er bara engin leið önnur en þessi  
sem við hröktum hann á.  
Við Misindismenn.  
Við Óvitar  
sem köllum okkur þó homo sapiens.  
Og Stephen Hawking sendi þau skilaboð  
úr fangelsi líkamans  
að við getum, ólíkt dýrunum, náð utanum alheiminn.  
Við vitibornu skiljum þá hamfarahlýnun á jörðinni  
en við látum ósköpin yfir ganga  
Börnin og barnabörnin. Krúttin á facebook.  
Hvað verður um þeirra krútt og þeirra krúttkrútt?  
Er okkur alveg sama?  
SAMA sem hroðgræðgi  
dádleysi  
ár fram af ári.  
mann fram af manni.

Jökullinn verður enginn að sér gengnum, enginn,  
ekki nokkur  
hann verður skrattakollur, kollóttur  
fjall með framliðnum fjöllum  
ekki ísfjallið brakandi bjart.  
Svo steindrepst heimsins hvítasti kroppur og við tekur ótínt grjót.

(Steinunn Sigurðardóttir, *Dimmumót*, 2019, bls. 27-28)

hafis og vestan komið á fót hreyfingum sem markvisst vinna að því að efla þekkingu og færni til forystu í umhverfis- og loftslagsmálum. Í Bandaríkjunum hefur **Alliance of Nurses for Healthy Environments** verið starfsrækt frá 2008 (sjá ANHE – Alliance of Nurses for Healthy Environments (envirn.org)). Tilgangur ANHE er að stuðla að heilbrigði fólks og umhverfis með fræðslu og forystu meðal hjúkunarfræðinga, styðja við rannsóknir, nota gagnreynda starfshætti og hafa áhrif á stefnumótun. ANHE hefur á þeim rúma áratug, sem það hefur starfað, unnið sér sess í bandarísku hjúkunar samfélagi, verið virkt, og beitt sér út frá forsendum hjúkunar með heilbrigði fólks og umhverfis að leiðarljósi.

Í Evrópu eru nýstofnuð samtök hjúkunarfræðinga um loftslagsbreytingar, **Nurses Climate Challenge Europe**, sem hafa það markmið að koma af stað hreyfingu meðal heilbrigðisstarfsfólks sem er reiðubúið að skuldbinda sig til að vinna að lausnum við umhverfisváni í heilbrigðisþjónustu og í samfélaginu gegnum fræðslu og myndun

tengslanets heilbrigðisstarfsfólks (Health Care Without Harm, 2021, sjá About | NCC Europe (nursesclimatechallenge.org)). **Nurses Climate Challenge Europe**-samtökin spretta upp úr Health Care Without Harm (HCWH) sem eru samtök evrópskra heilbrigðisgerfa, sjúkrahúsa og annarrar heilbrigðisþjónustu, opinberra aðila, háskóla, félaga sem vinna að umhverfismálum og fagfélaga heilbrigðisstétta (Health Care Without Harm, 2021, sjá About | NCC Europe (nursesclimatechallenge.org)). Ísland á einn fulltrúa í HCWH sem er Landspítali.

Að því er höfundar best vita eru ekki til nein samtök eða félag á heilbrigðissviði hér á landi sem vinnur sérstaklega að heilbrigði jarðar eða umhverfismálum. Ljóst þykir að umhverfisváin er okkar stærsta heilbrigðisvandamál í nútíð og framtíð og því má spyrja hvort ekki sé tímabært og í raun nauðsynlegt og ábyrgt af hjúkunarfræðingum að stofna fagdeild um heilbrigði jarðar. „Jörðin þarfnast hjúkunar.“ (Potter, 2019, bls. 206).

## HEIMILDIR

- Huffling, K. (2019). Building a global movement for health: Nurse leadership on climate change. *Creative Nursing*, 25(3), 191-194. doi: 10.1891/1078-4535.25.3.191.
- Potter, T. (2019). Planetary health: The next frontier in nursing education. *Creative Nursing*, 25(3), 201-207. doi: 10.1891/1078-4535.25.3.201.
- Wabnitz, K.J., Gabrysch, S., Guinto, R., Haines, A., Herrmann, M., Howard, C., Potter, T., Prescott, S.L., Redvers, N. (2020). A pledge for planetary health to unite health professionals in the Anthropocene. *Lancet*, 396(10261), 1471-1473. doi: 10.1016/S0140-6736(20)32039-0. Epub 2020 Sep 30.



# Eiður heilbrigðisstarfsfólks um að varðveita heilbrigði jarðar á mannöld

Ég heiti að helga líf mitt því að þjóna og vernda mannkyn og náttúruna sem heilbrigði manna veltur á.

Ég mun setja heilbrigði fólks, samfélaga og jarðarinnar í forgang og bera virðingu fyrir mannlífum og fjölbreyttu lífi á jörðinni.

Ég mun stunda fag mitt samviskusamlega og með virðingu fyrir og í samræmi við góða starfshætti með tilliti til heilbrigðis jarðarinnar.

Til að skaða ekki mun ég virða sjálfræði og reisn allra jarðarbúa við aðlögun nýrra leiða með það að markmiði að bæta heilbrigði og fyrirbyggja skaða á mannkyni og jörð.

Ég mun hafa í heiðri og virða það traust sem mér er sýnt og nýta þetta traust til að stuðla að bættri þekkingu og móta gildi og hegðun sem styðja við heilbrigði mannkyns og jarðar.

Ég mun leggja mig fram um að auka skilning minn á þeim áhrifum sem bein, ómeðvitund og kerfisbundin hlutdrægni hefur á sjúklinga mína, samfélög og jörðina, til þess að auka vitund mína til að þjóna.

Ég mun kappkosta að koma á jöfnuði og réttlæti með því að vekja athygli á umhverfis-, félags- og skipulagsmálum, sem eru mælikvarðar heilbrigðis, og um leið standa vörð um þá náttúru sem er undirstaða lífs á jörðu fyrir komandi kynslóðir.

Ég mun viðurkenna og virða ólíka uppsprettu þekkingar og kunnáttu hvað heilbrigði einstaklinga, samfélaga og jarðar varðar, svo sem hefðbundna kunnáttu frumbyggja, en um leið vinna gegn útbreiðslu rangra upplýsinga sem grafa undan heilbrigði jarðar.

Ég mun auka við og deila þekkingu minni í þágu samfélags og jarðarinnar; ég mun einnig markvisst efla þverfaglegar, heildrænar aðgerðir til að viðhalda heilbrigði einstaklinga, samfélaga og jarðar.

Ég mun sinna eigin heilsu, velferð og atgervi til þess að geta annast og þjónað samfélaginu eftir bestu getu.

Ég mun ætíð leitast við að vera fyrirmynd sjúklinga minna og samfélags með því að fylgja meginreglum sem stuðla að heilbrigði jarðar og draga úr loftlagsáhrifum.

Ég mun ekki beita þekkingu minni til að brjóta á mannréttindum og borgaralegu frelsi, jafnvel þótt mér sé ógnad; vitandi það að réttur fólks til heilsu er undirstaða heilbrigðis jarðar.

Með því að sverja þennan eið hef ég skuldbundið mig til að fylgja framtíðarsýn um persónulegt og félagslegt heilbrigði og heilbrigði jarðar, sem mun gera hvers kyns lífi kleift að dafna á jörðinni, í nútíð og framtíð.

Ég legg einlæglega og óbundin/n heiður minn að veði til að uppfylla þennan eið.